

VG-Fornleifarannsóknir

Hvanná á Jökuldal

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar skógræktar



Indriði Skarphéðinsson og Ómar Valur Jónasson

Forsíðumynd er af minjasvæðinu á Forvaða. (Ljósmynd Ómar Valur Jónasson)

© Indriði Skarphéðinsson og Ómar Valur Jónasson/ VG-Fornleifarannsóknir


Unnið fyrir Hvannármenn ehf. 2020

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Fornleifaskráningin	2
Hvanná.....	3
Fornleifar	4
Fornleifar inna skógræktarsvæðis	5
Fornleifar utan skógræktarsvæðis	7
Niðurstöður.....	10
Heimildarskrá:	11
Myndaskrá:	11
Viðauki: Fornleifaskrá.....	12

Inngangur.

Vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Hvannár 1 á Jökuldal á Fljótsdalshéraði voru skráðar fornleifar á svæði milli Stekkjarlækjar og deildar. Vettvangsvinnan fór fram dagana 29. og 30. september og var hún unnin af Indriða Skarphéðinssyni og Ómari Val Jónassyni. Skráningarsvæðið var töluvert stærra en fyrirhugað skógræktarsvæði og því eru ekki allar fornleifar sem skráðar voru í hættu að svo stöddu. Skógræktarsvæðið er afgirt og nær frá Stekkjarlæknum og rétt utan við svokölluð Forvaðahús, og frá Þjóðvegi 1 upp undir brúnir. Á mynd 1. má sjá skráningarsvæðið merkt með hvítum útlínunum og fyrirhugað skógræktarsvæði merkt með rauðum útlínunum.



Mynd 1. Skráningarsvæðið á milli Stekkjarlækjar og Deildar (hvítt) og skógræktarsvæði (rautt).

Heildarsvæðið sem fornleifaskráningin náði til er ytri hluti jarðarinnar Hvannár 1 og nær svæðið alveg að landamerkjum Hvannár við Haukstaði. Þjóðvegur 1 liggur þvert í gegnum svæðið og ofan við veg afmarkast skráningarsvæðið af girðingu og af Jökulsánni fyrir neðan veg.

Fornleifaskráningin

Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar eru fornleifar skilgreindar á þennan hátt:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Enn fremur segir 21. og 22. grein laganna að:

„Fornleifum, ..., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

„Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Hvanná

Hvanná 1 situr á bökkum Jökulsár á Brú norðan megin í Jökuldal þar sam Hvanná rennur út í Jöklu. Hvanná var gefin Skriðuklaustri af Valtýi Sigurðssyni árið 1514 „til æfinlegarar eignar“ og er það tekið fram að Valtýr hafi verið bæði heill að viti og allri skynsemi en sjúkur á líkama þegar hann gefur jörðina (Íslenzkt fornbréfasafn VIII, bls 515). Hvanná er ein af 13 jörðum í eigu Skriðuklausturs og sú síðasta sem klaustrið eignaðist (Steinunn J. Kristjánsdóttir. 2012). Jörðin er svo talin meðal stíptisjarða í jarðabók 1760, síðar verður hún eign Hofteigskirkju fram að 1885 er hún er keypt af Kristjáni Kröyer og búa niðjar hans þar enn (Ármann Höskuldsson 1974).

Árið 1686 er Hvanná metin á 6 hundruð og 160 álnir til dýrleika en stuttu síðar, árið 1965, er hún metin á 12 hundruð. Dýrleika mat Hvannár virðist svo halda sér í 12 hundruð eftir það. Samkvæmt hinu nýja mati er jörðin metinn á 19.7 hundruð árið 1874 (Björn Lárusson. 1967; Finnur Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson. 2000)

Eitthvað er af birkiskógi í landi Hvannár og í Sýslu og Sóknarlýsingum frá 1840 segir Sigfús Finnsson prestur á Hofteigi að Hvanná hefur verið mikið skógland en í hans tíma sé skóglendið blásið og mjög kalið (Finnur N. Karlsson ofl. 2000). Í Sóknarlýsingu Hofteigsprestkalls 1874 segir svo að allir skógar í Jökuldalnum séu alveg eyðilagðir nema á Hvanná og er hægt sé að nýta hann eitthvað til tróðs og kolagerðar (Finnur N. Karlsson. 2000).



Mynd 2. Loftmynd af Jökuldalnum. Bærinn Hvanná rétt ofan við miðju og Haukstaðir í Vinstra Horninu. Myndina tók Skarphéðinn G. Þórisson 12.7.2012.

Fornleifar

Alls voru skráðar 17 minjar á vettvangi og eru 10 þeirra innan þess svæðis sem fyrirhuguð skógrækt nær yfir. Þær 7 sem eftir standa eru ekki taldar í hættu að svo stöddu þar sem þær eru utan skógaræktarsvæðisins. Í töflu 1. hér að neðan má finna lista yfir allar þær minjar sem skráðar voru á vettvangi og í meðfylgjandi fornleifaskrá er að finna ítarlegri upplýsingar um þær.

Nr.	Tegund	Hlutverk	Aldur	Friðlýst?	Ástand	Hættumat	Hættuorsök
001	Hleðsla	Óþekkt	870-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
002	Garðlag	Túngarður	1920-1962	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
003	Dæld	Óþekkt	1500-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
004	Garðlag	Túngarður	1500-1950	Nei	Vel-greinanleg	Hætta	Trjárækt
005	Tóft	Óþekkt	1500-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
006	Hóll	Beitarhús	1500-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
007	Tóft	Útihús	1500-1950	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
008	Garðlag	Túngarður	1920-1962	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
009	Gata	Leið	1933-1980	Nei	Greinanleg	Hætta	Trjárækt
010	Tóft	Sel	870-1800	Nei	Greinanleg	Hætta	Landbrot
011	Tóft	Sel	870-1800	Nei	Greinanleg	Engin-hætta	
012	Dæld	Óþekkt	870-1800	Nei	Greinanleg	Engin-hætta	
013	Heimild	Vað		Nei	Sést Ekki	Engin-hætta	
014	Gata	Leið	870-1933	Nei	Greinanleg	Engin-hætta	
015	Tóft	Útihús	1800-1950	Nei	Vel-greinanleg	Engin-hætta	
016	Steinn	Örnefni	-	Nei	Heillegar	Engin-hætta	
017	Lækur	Örnefni	-	Nei	Vel-greinanleg	Engin-hætta	

Tafla 1. Listi yfir skráðar fornleifar í landi á milli Stekkjarlækjar og Deildar í landi Hvannár 1.

Fornleifar inna skógræktarsvæðis


Á mynd 3. hér fyrir neðan má sjá afmörkun skógræktarsvæðisins og þær minjar sem falla innan þess. Minjar nr. 001-7 eru innan svæðisins og teljast því í hættu vegna skógræktar.



Mynd 3. Afmörkun skógræktarsvæðis og skráðar minjar innan þess.

Minjar nr. 003-7 eru allar á því svæði sem heitir Forvaði og mynda þær ákveðna minjaheild. Á Forvaða voru beitarhús en síðasta byggingin sem stóð á svæðinu var steipt og eftir að hún var rifin var svæðið sléttað. Áður en steipta byggingin var reist stóð á svæðinu bygging úr torfi sem hafði einnig verið rifin og svæðið þá líka sléttað í kjölfar þess (Ármann Höskuldsson. 1974; Jón Jónsson). Nokkuð rask hefur því átt sér stað á svæðinu á síðustu öld en túngarðurinn [004] sem afmarkar svæðið er þó heillegur fyrir utan þann hluta hans sem hefur horfið við gerð nýs þjóðvegar. Innan túngarðsins var mæld upp ein tóft [005] og rústarsvæði [006]. Tvennar minjar voru mældar rétt utan túngarðsins, það eru dæld [003] og tóft [007]. Dældin [003] er

staðsett stutt vestan við túngarðinn en tóftin [007] austan megin við hann. Tóftin [007] stendur á rofabarði og er uppblásinn að hluta til.




Mynd 4. Minjasvæðið á Forvaða.

Aðrar skráðar minjar sem falla innan skógræktarsvæðisins eru minjar nr. 001 og 002. Minjar nr. 002 eru að öllum líkindum gömul girðing sem reist var um 1920 og stóð til 1962 (Ármann Höskuldsson. 1974). Minjarnar eru vel greinilegar og eru þær eins og lágreistur, mjór garður sem á upptök sín innan Stekkjarlæksins og liggur skáhalt niður að þjóðveg 1. Minjar nr. 001 eru staðsettar ofarlega í brekkunni stutt utan við Stekkjarlækinn. Um er að ræða um 4 metra langa steinaröð sem liggur austur-vestur og liggur hleðslan í/við kindagötu.

Fornleifar utan skógræktarsvæðis

Þær minjar sem skráðar voru utan skógræktarsvæðisins eru ekki í hættu að svo stöddu. Hér er um að ræða þrjár tóftir [010], [011], [015], eina dæld [012], tvær leiðir [009], [014], girðingabút og þrjú örnefni [017], [016], [013].




Mynd 5. Dreifing fornleifa um skráningarsvæðið. Skráningarsvæðið afmarkað með hvítu, skógræktarsvæðið afmarkað með svörtu.

Leiðirnar tvær sem skráðar voru eru annars vegar gamli bílvegurinn [009] inn dalinn og hins vegar gamla reiðleiðin [014]. Bílvegurinn er nokkuð vel sýnilegur og voru um 1.64 km af honum mældir upp í átta pörtum. Vegurinn liggur að mestu neðan við þjóðveg 1 nema á stuttum kafla þar sem hann fer upp að Forvaðahúsunum. Vegurinn hefur að hluta til lent undir þjóðvegi 1 og raskast á köflum vegna vegagerðar og túnræktunar. Byrjað var á veginum upp úr 1930 og var hann lagður í hlað á Hvanná 1933 (Ármann Höskuldsson. 1974).

Gamlar reiðleiðin [014] liggur alveg niður við Jökulsánnu og er sýnilega í tveim bútum sem eru samanlagt um 300 m á lengd. Minjarnar voru mældar stutt innan við Forvaðaklettinn en leiðin virðist liggja skáhalt ofan af hjallanum sem Forvaðakletturinn stendur undir þaðan liggur

hún niður á eyrina við Jökulsána þar sem hún hverfur síðan í ána. Sennilegast hefur þetta verið alfarleiðin inn og út dalinn áður en að bílvegurinn er lagður og hefur líklegast verið hætt að fara þessa leið eftir að hann var kominn. Leiðin hefur greinilega horfið að hluta vegna breytinga í farvegi Jökulsárinnar.

Austast á skráningarsvæðinu við landamerki á móti Haukstöðum við Deildarlækinn, neðan við þjóðveg 1 og stutt ofan við Jökulsána er lítið engjastykki þar sem skráðar voru tvær tóftir og ein dæld [010], [011], [012]. Tóftirnar tvær svipa mjög til hvor annarar, báðar eru þær lágreistar og líta út fyrir að vera nokkuð fornar. Dældin [012] sem mæld var liggur alveg upp við tóft [010] og virðist hafa einhverjar tengingu við hana. Það var mat skráningaraðila að hér gæti mögulega verið um sel að ræða, en ekki þekkist til að sel hafi verið á þessum stað. Í landi Hvannár eru þekktar seljarústir sem heita Grófarsel en þær eru talsvert innar og ofar í landinu (Örnefnaskrá. Hvanná). Hins vegar liggur bærinn Teigasel um 600m sunnan við Jökulsána. Tóftirnar virðast vera nokkuð óraskaðar, fyrir utan hluta tóftar [010] sem stendur næst Deildarlæknum en þar er hann aðeins byrjaður að grafa sig inn í vegg hennar.



Mynd 6. Tóftir [010], [011] og dæld [012].

Þriðja tóftin [015] sem skráð var utan við skógræktarsvæðið er staðsett við Forvaðalækinn stuttan spöl frá Forvaðaklettinum, rétt ofan við gömlu reiðleiðina [014]. Tóftin er vel greinanleg á vettvangi og má sjá að hún er hlaðinn úr grjóti. Líklega er hér um einhverskonar útihús að ræða, en tóftin virðist ekki vera mjög forn.

Stutt utan við núverandi fjárhús við Hvanná, beint neðan við lerkilund sem stendur við þjóðveginn var skráður girðingarbútur [008]. Þetta er einföld steinaröð sem er vel greinanleg. Hér er með öllum líkendum að ræða framhald af girðingunni sem liggur fyrir ofan veg [002] en lega þeirra og stefna stemma saman.

Skráð voru svo tvö örnefni og eitt vað, þau eru Stekkjalækur [017], Viggusteinn [016] og Forvaðavað [013]. Forvaðavað er ekki sýnilegt lengur en í Örnefnaskrá Hvannár segir að við Forvaðaklett sé vað þvert yfir Jökulsána (Örnefnaskrá). Viggusteinn er vel greinanlegur og situr hann við bakka Jökulsárinnar stuttu utan við fjárhúsin á Hvanná. Um hann segir í Örnefnaskrá Hvannár að skál sé í steininum og í henni sé alltaf vatn (Örnefnaskrá). Stekkjarlækurinn afmarkaði skráningarsvæðið til vesturs og rennur hann úr nafnlausum flóa ofan við Höll niður í Jökulsána. Ábúendur þekktu ekki til þess að stekkur hafi verið þarna á svæðinu og ekki fundust nein ummerki um stekk á vettvangi.

Niðurstöður

Af þeim 17 minjum sem skráðar voru á vettvangi í landi Hvannár eru aðeins 7 af þeim í raunverulegri hættu vegna skógræktar. Eins og fyrr segir eru fornleifar mannvistarleifar sem eru 100 ára og eldri og umhverfis fornleifar sem ekki eru friðlýstar er 15 metra friðhelgað svæði.

Fimm af þeim sjö fornleifum sem lenda innan skógræktarsvæðisins tilheyra minjaheildinni sem er á Forvaða. Nokkuð rask hefur greinilega átt sér stað á Forvaða í gegnum tíðina, aðalega vegna bygginga framkvæmda og vegagerðar. Þrátt fyrir það er það mat skráningaraðila að sú minjaheild hafi talsvert minja- og verndurnargildi og því beri að tryggja að því svæði verði ekki raskað með skógrækt og að friðhelgi þess verði virt.

Aðrar fornleifar innan skógræktarsvæðisins eru minjar nr. 001 og 002. Minjar nr. 002 eru sennilegast leifar girðingar sem reist var 1920 og stóð til 1962. Minjarnar eru hluti af því búsetulandslagi sem hefur verið á Hvanná snemma og um miðja síðustu öld en eru ekki fornar og rétt ná þær þeim 100 árum sem skilgreinir þær sem fornleifar. Er það mat skráningaraðila að minjagildi þeirra sé ekki mjög hátt. Minjar nr. 001 eru ógreinilegar hleðslur ofarlega á svæðinu og er hlutverk þeirra óþekkt. Staðsetning þeirra er óhentug fyrir mannvirki og er hér sennilega um að ræða garð af einhverju tagi eða einhverskonar afmörkun. Er það mat skráningaraðila að minjagildi þeirra minja sé ekki mjög hátt.

Þær minjar sem hafa hæst minjagildi utan skógræktarsvæðisins eru meint sel sem standa við landamerkin að Haukstöðum. Þessara minja er ekki getið í neinum heimildum og virðast tóftirnar nokkuð fornar að sjá. Önnur tóftin sem þar stendur hefur orðið fyrir raski vegna Deildarlækjarins sem byrjaður er að grafa sig inn í hlið hennar.

Fornleifaskráningin nær utan um þær minjar sem sjást á yfirborðinu eða þar sem staðsetning horfinna minja er þekkt. Minjar geta þó leynst undir yfirborðinu og er því ekki hægt að fullyrða að tekist hafi að skrá allar minjar á svæðinu. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós eða finnast við framkvæmdir ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar Íslands. Hafa skal í huga að svæði í kringum fornleifar á ekki að nota sem geymslu fyrir vinnuvélar eða annað sem tengist framkvæmdunum nema að Minjastofnun gefi fyrir því leyfi.

Heimildarskrá:

- Björn Lárusson. (1967). *The old Icelandic land registers*. Gleerup. Lund
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2012). *Sagan af Klaustrinu á Skriðu*. Reykjavík: Sögufélag.
- Íslenskt fornbréfasafn VIII: 1261-1521. Reykjavík, 1906-1913.
- Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 1874.
- Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson. (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og Sóknalýsingar hins íslenska bókmennntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.
- Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi.
- Örnefnaskrá. Hvanná. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.
- Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Myndaskrá:

Mynd 1. Skráningarsvæðið á milli Stekkjarlækjar og Deildar (hvítt) og skógræktarsvæði (rautt).....	1
Mynd 2. Loftmynd af Jökuldalnum. Bærinn Hvanná rétt ofan við miðju og Haukstaðir í Vinstra Horninu. Myndina tók Skarphéðinn G. Þórisson 12.7.2012.	3
Mynd 3. Afmörkun skógræktarsvæðis og skráðar minjar innan þess.....	5
Mynd 4. Minjasvæðið á Forvaða.	6
Mynd 5. Dreifing fornleifa um skráningarsvæðið. Skráningarsvæðið afmarkað með hvítu, skógræktarsvæðið afmarkað með svörtu.....	7
Mynd 6. Tóftir [010], [011] og dæld [012].	8

Viðauki: Fornleifaskrá

Númer: 001

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 29.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Óþekkt

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hættu

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548851.527 N 696167.131

Tegund: Hleðsla

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Trjárækt

Aldur: 870-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 1 m

Breidd veggja: 1 m

Lengd: 4 m

Vegghæð: 0.1 m

Umhverfi/staðhættir:


Minjarnar eru staðsettar stutt utan við Stekkjarlækinn ofarlega í hliðinni.

Lýsing:

Minjarnar eru þannig útlítandi að þetta eru nokkrar steinar í röð sem liggja A-V. Hleðslan liggur í kindagötu og í kringum hana er talsvert af öðru grjóti.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 002
Landareign: Hvanná 1
Dagsetning: 29.10.20
Sérheiti:
Hlutverk: Túngarður
Hættumat: Hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fljótsdalshérað
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson
GPS: E 548497.817 N 696083.823
Tegund: Girðing
Fjöldi: 1
Hættuorsök: Trjárækt
Aldur: 1920-1962

Friðlýst: Nei
Breidd: 0.5 m
Breidd veggja: 0.5 m
Lengd: 420 m
Vegghæð: 0.4 m

Umhverfi/staðhættir:

Minjarnar liggja NV-SA innan við Stekkjarlækinn, yfir hann og alla leið niður að Þjóðvegi 1.

Lýsing:

Minjarnar líta út fyrir að vera lágur og mjór garður sem liggur NV-SA, sennilegast leifar gamallar girðingar. Í Sveitir og Jarðir í Múlaþingi er þess getið að um 1920 hafi verið girt land á milli Hvannár og Forvaða þar sem fé var geymt fram að rúningu, sú girðing stóð til 1962 og er þetta sennilega sama girðing.

Heimildir:

Sveitir og Jarðir í Múlaþingi

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 003

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 29.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Óþekkt

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548836.184 N 697068.203

Tegund: Dæld

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Trjárækt

Aldur: 1500-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 4 m

Breidd veggja: 2 m

Lengd: 5 m

Vegghæð: 0.5 m

Umhverfi/staðhættir:


Minjarnar eru staðsettar rétt innan við staðinn þar sem Forvaðabeitarhúsin stóðu, rétt ofan við Þjóðveg 1.

Lýsing:

Minjarnar líta út eins og hálf tóft með dæld í miðjunni.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 004

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 29.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Túngarður

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548843.37 N 697183.575

Tegund: Garðlag

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Trjárækt

Aldur: 1500-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 1.5 m

Breidd veggja: 1.5 m

Lengd: 124 m

Vegghæð: 1.2 m

Umhverfi/staðhættir:

Túngarður utan um svæðið þar sem Forvaðabeitarhúsin stóðu. Svæðið er staðsett rétt ofan við Þjóðveg eitt og hefur vegurinn skorið á minjarnar þegar hann var lagður.

Lýsing:

Túngarðurinn er um 125 metra langur, hlaðinn úr torfi og vel sýnilegur.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 005

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 29.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Óþekkt

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hættu

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548856.168 N 697132.462

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Trjárækt

Aldur: 1500-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 5 m

Breidd veggja: 1 m

Lengd: 9 m

Vegghæð: 0.2 m

Umhverfi/staðhættir:


Tóftin er staðsett ofarlega rétt innan við túngarð [004] sem liggur utan um Forvaðabæitarhúsin

Lýsing:

Lögun tóftarinnar er nokkuð óljós en aðeins er greinilegt eitt rými og inngangur virðist vera á henni sunnan megin.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 006
Landareign: Hvanná 1
Dagsetning: 29.10.20
Sérheiti: Forvaðabeitarhúsin
Hlutverk: Beitarhús
Hættumat: Hætta
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Greinanleg
Sveitafélag: Fljótsdalshérað
Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson
GPS: E 548819.011 N 697134.969
Tegund: Hóll
Fjöldi: 1
Hættuorsök: Trjárækt
Aldur: 1500-1950

Friðlýst: Nei
Breidd: 30 m
Breidd veggja: 1 m
Lengd: 32 m
Vegghæð: 0.2 m

Umhverfi/staðhættir:

Rústin er staðsett innan túngarðs [004] ofan og uppvið Þjóðveginn nokkurn veginn hálfa leið á milli Stekkjarlækjar og Deildar.

Lýsing:

Samkvæmt Sveitir og Jarðir í Múlaþingi hafa bæði staðið beitarhús úr torfi og steypu beitarhús í seinni tíð og má sjá steypu beitarhúsin uppistandandi á loftmynd frá 1993. Samkvæmt ábúendum var svæðið sléttað áður en steypu voru ný beitarhús og svo aftur þegar steypu beitarhúsin voru rifinn. Lítið er því eftir sjáanlegt af rústunum en þó er greinilegt rústasvæði innan túngarðsins á Forvaða.

Heimildir:

Örnefnaskrá: Hvanná, Sveitir og Jarðir í Múlaþingi, Munnleg heimild: Jón Jónsson

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 007

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 29.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Útihús

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548858.119 N 697183.322

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Trjárækt

Aldur: 1500-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 6 m

Breidd veggja: 1 m

Lengd: 10 m

Vegghæð: 0.2 m

Umhverfi/staðhættir:


Minjarnar eru staðsettar austan og utan við túngarðinn [004] á Forvaða.

Lýsing:

Tóftin stendur á moldarbarði og er horfinn að hluta til vegna uppblásturs. Tvö rými eru í tóftinni en enginn inngangur sést á henni.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 008

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 29.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Túngarður

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548360.297 N 696554.23

Tegund: Girðing

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1920-1962

Friðlýst: Nei

Breidd: 0.3 m

Breidd veggja: 0.3 m

Lengd: 39 m

Vegghæð: 0.15 m

Umhverfi/staðhættir:

Staðsettar fyrir neðan Þjóðveg 1 á fyrsta hjalla ofan við Jöklu beint neðan af litlum lerkilund sem stendur við Þjóðveginn.

Lýsing:

Einföld steinaröð sem liggur NV-SA, að öllum líkindum framhald af girðingu [002] sem liggur eins ofan við veg og virðist vera nokkuð bein lína á milli þessara minja.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 009

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti: Þjóðvegur

Hlutverk: Leið

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hættu

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 549157.414 N 698374.719

Tegund: Gata

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Trjárækt

Aldur: 1933-1980

Friðlýst: Nei

Breidd: 2.5 m

Breidd veggja:

Lengd: 1639 m

Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Gamli vegurinn liggur samhliða nýja veginum, að mestu fyrir neðan hann en beygir upp fyrir hann við Forvaðahúsin þar sem hann liggur ofan við hann í um 320 metra og hverfur svo undir hann. Gamli vegurinn birtist svo aftur neðan við nýja veginn á mel sem ber nafnið Langaufs og að Deild.

Lýsing:

Akvegur var lagður um Jökuldalinn þegar að Austurlandsvegur var tengdur Norðurlandi 1933. Gamli vegurinn er vel greinanlegur en er sundurslitinn meðal annars vegna túnræktar og vegagerðar. Vegurinn sést í samanlagt 1.63 km í 8 pörtum á skráningarsvæðinu.

Heimildir:

Örnefnaskrá: Hvanná, Sveitir og Jarðir í Múlaþingi.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 010

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Sel

Hættumat: Hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 549076.83 N 698573.11

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök: Landbrot

Aldur: 870-1800

Friðlýst: Nei

Breidd: 5.5 m

Breidd veggja: 1 m

Lengd: 5.8 m

Vegghæð: 0.3 m

Umhverfi/staðhættir:


Tóftin er staðsett í grasi grónum hvammi stutt ofan við Jöklusánnu alveg við Deildaránnu sem skilur á milli land Hvannár 1 og Haukstaða. Tóftin stendur alveg við ánnu og er hún aðeins byrjuð að grafa sig inn í vegg tóftarinnar. Stutt ofan við tóftina er dæld [012] og nokkrum metrum innan við hana er önnur tóft [011], eins útlítandi.

Lýsing:

Tóftin er með einu rými og er inngangur á suðurhlið hennar.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 011

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Sel

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 549070.676 N 698561.636

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 870-1800

Friðlýst: Nei

Breidd: 4 m

Breidd veggja: 1 m

Lengd: 6.4 m

Vegghæð: 0.3 m

Umhverfi/staðhættir:



Tóftin er staðsett í grasi grónum hvammi stutt ofan við Jöklusánnu alveg við Deildaránnu sem skilur á milli land Hvannár 1 og Haukstaða. Tóftin stendur um 6 metra frá annarri tóft [010] og svipar mjög til hennar.

Lýsing:

Tóftin er með einu rými og er inngangur á suðurhlið hennar.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 012

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Óþekkt

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 549082.352 N 698569.615

Tegund: Dæld

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 870-1800

Friðlýst: Nei

Breidd: 4 m

Breidd veggja:

Lengd: 5.3 m

Vegghæð: 0.3 m

Umhverfi/staðhættir:

Dældin er staðsett í grasi grónum hvammi stutt ofan við Jöklusánnu alveg við Deildaránnu sem skilur á milli land Hvannár 1 og Haukstaða. Dældin stendur í rétt ofan við tóft [010].

Lýsing:

Vel greinanleg dæld í landslaginu.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 013

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti: Forvaðavað

Hlutverk: Vað

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Sést ekki

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548722.793 N 697604.7

Tegund: Heimild

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur:

Friðlýst: Nei

Breidd:

Breidd veggja:

Lengd:

Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Klettur sem stendur við Jökulsánnu.

Lýsing:

Í örnefnalýsingu fyrir Hvanná segir: „*Þar niður undan er farið fyrir klett í ánni, sem heitir Forvaði. Þar þvert yfir er Forvaðavað á ánni.*“.

Heimildir:

Örnefnaskrá: Hvanná

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 014

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Leið

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548729.599 N 697496.73

Tegund: Gata

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 870-1933

Friðlýst: Nei

Breidd: 5 m

Breidd veggja:

Lengd: 300 m

Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Í hjallanum sem Forvaðaklettur stendur undir sést sár í brekkunni þar sem gamla reiðleiðin um dalinn lág. Leiðin er svo greinanleg frá hjallanum, niður og yfir eyri sem liggur við Jöklu. Leiðinn hverfur við endann á eyrinni og hefur Jökulsáin grafið hana í burtu.

Lýsing:

Leiðin er sjáanleg í tveimur bútum og lítur út eins og 5-8 kindagötur sem liggja þétt saman.

Heimildir:

Jón Jónsson

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 015

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Útihús

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel-greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548747.544 N 697477.588

Tegund: Tóft

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur: 1800-1950

Friðlýst: Nei

Breidd: 6.8 m

Breidd veggja: 1.5 m

Lengd: 7 m

Vegghæð: 1 m

Umhverfi/staðhættir:


Tóftin stendur við Forvaðalæk beint neðan við neðsta hjallann neðan við Þjóðveginn, stutt frá gömlu reiðleiðinni [014]. Tóftin er 6.8x7m að stærð og er inngangur á henni sem snýr til suðurs. Tóftin virðist skiptast í tvö samtengd rými sem eru 2x1.5m og 2x1m að stærð. Tóftin er hlaðinn úr grjóti og virðist ekki mjög forn á að líta.

Lýsing:

Tóftin samanstendur af tveim samtengdum rýmum sem eru 2x1.5 m og 2x1 m að stærð með einum inngang sem snýr til vesturs. Tóftin er hlaðinn úr grjóti og virðist ekki mjög forn á að líta.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 016

Landareign: Hvanná 1

Dagsetning: 30.10.20

Sérheiti:

Hlutverk: Örnefni

Hættumat: Engin hætta

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel-greinanleg

Sveitafélag: Fljótsdalshérað

Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson

GPS: E 548179.339 N 696534.959

Tegund: Steinn

Fjöldi: 1

Hættuorsök:

Aldur:

Friðlýst: Nei

Breidd:

Breidd veggja:

Lengd:

Vegghæð:

Umhverfi/staðhættir:

Viggusteinn er staðsettur á bakka Jökulsárinnar, stutt utan við fjárhúsin beint neðan af lerkilundi sem stendur við þjóðveginn.

Lýsing:

Í Örnefnaskrá Hvannár segir „*Steinn er á milli Forvaða og Hvannár, sem heitir Viggusteinn, stór steinn með skál í, í henni er alltaf vatn.*“.

Heimildir:

Örnefnaskrá: Hvanná

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 017	Sveitafélag: Fljótsdalshérað
Landareign: Hvanná 1	Skrásetjari: Indriði Skarphéðinsson & Ómar Valur Jónasson
Dagsetning: 30.10.20	GPS: E 548327.435 N 696051.909
Sérheiti:	Tegund: Lækur
Hlutverk: Örnefni	Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta	Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta	
Tímabundin hættuorsök:	
Ástand: Vel-greinanleg	Aldur:

Friðlýst: Nei	Lengd:
Breidd:	Vegghæð:
Breidd veggja:	

Umhverfi/staðhættir:

Stekkjarlækur rennur fram hjá fjárhúsum sem standa við þjóðveg 1 í Jökulsánnu úr nafnlausum flóa ofan við svokallaða Höll.

Lýsing:

Heimild um stekk.

Heimildir:

Örnefnaskrá: Hvanná

Ljósmyndir/teikningar: